



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Drög að þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs við Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimilis

Á 141. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. júní 2018, var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2018, um samning við Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimilis ásamt drögum að þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs og Landakotsskóla um framlag vegna barna í Landakotsskóla sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Jafnframt lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila ásamt greinargerð, dags. 6. október 2017, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila, dags. 4. janúar 2018 og bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um áhrif breytinga á grunnskólaögum nr. 76/2016 á kostnað sveitarfélaga, dags. 23. ágúst 2017. SFS2017100036

Samþykkt og vísað til borgarráðs að gera samning við Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimilis.

Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2018, um samning við Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimilis

Drög að þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs og Landakotsskóla

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila, dags. 6. október 2017

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila, dags. 4. janúar 2018

Bréf Samband íslenskra sveitarfélaga um áhrif breytinga á grunnskólaögum nr. 76/2016 á kostnað sveitarfélaga, dags. 23. ágúst 2017.

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur við Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimilis

Lagt er fyrir skóla- og frístundaráð að taka ákvörðun um framlag til Landakotsskóla vegna reksturs frístundaheimilis skólans til samræmis við meðfylgjandi drög að samningi. Ákvörðun skóla- og frístundaráðs um framlag verður vísað til afgreiðslu borgarráðs.

Vísað er til tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2017, auk minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. janúar 2018, varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila.

Í framangreindri tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2017, sem lögð var fram á 126. fundi skóla- og frístundaráðs var lagt til að sviðsstjóra yrði falið að ganga til samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga vegna reksturs frístundaheimila skólaárið 2017 -2017 og þeir byggja á sama gunni og samningur sem gerður var vegna vorannar skólaársins 2016 -2017. Afgreiðslu var frestað en á 128. fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. nóvember 2017 var tillagan samþykkt.

Með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 16. mars 2018, var farið þess á leit að mennta- og menningarmálaráðuneytið fari yfir möguleg áhrif breytinga á lögum um grunnskóla á sveitarfélög hvað varðar kostnað í tengslum við ákvæði um rekstur frístundaheimila og gerð gæðaviðmiða um starfsemi þeirra. Ef í ljós komi að breytingin leiði til kostnaðarauka var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort sveitarfélögum verði bættur sá kostnaður. Svar hefur ekki borist.

Með tölvuskeyti, dags. 6. júní 2018, óskaði skólustjóri Landakotsskóla eftir því að gerður verði samningur milli skóla- og frístundasviðs og skólans vegna rekstur frístundaheimilis við skólann til samræmis við drög sem send voru skólanum þann 16. nóvember 2017.

Meðfylgjandi drög að samningi skóla- og frístundasviðs við Landakotsskóla byggja á sama grunni og samningur sem gerður var við Landakotsskóla vegna vorannar 2016-2017.

Fjármagn vegna samningsins rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Þ J Ó N U S T U S A M N I N G U R

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir SFS), kt.530269-7609, annars vegar og Landakotsskóli, (hér eftir skólinn), kt. 660505-1210, Reykjavík, hins vegar gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna barna í Landakotsskóla sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

1. gr. Skilyrði

- 1.1 Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla og æskulýðslög.
- 1.2 Réttindi og skyldur barna sem nýta frístundaheimili skólans skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og æskulýðslög.
- 1.3 Skólinn skal hafa gildan þjónustusamning um rekstur grunnskólans við Reykjavíkurborg og fá á grundvelli hans greitt fjárframlag vegna grunnskólagöngu barna sem um ræðir skv. samningi þessum.
- 1.4 Framlagið er greitt vegna barna í skólanum, sem nýta frístundaheimili hans og sem eiga lögheimili í Reykjavík og vegna barna sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.
- 1.5 Framlag er greitt vegna reykvískra barna og barna í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík sem stunda nám í 1. til 4. bekk skólans.
- 1.6 Greitt er framlag vegna nýtingar frístundaheimilis en ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds skal vera aðgreindur í gjaldskrá skólans.
- 1.7 Framlag er greitt að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í 2. og 3. gr. samnings þessa.
- 1.8 Um framlag samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr. Fjárframlög

- 2.1 Gjaldskrá skólans liggur fyrir við gerð samnings þessa. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds er aðgreindur í gjaldskrá skólans. Í Landakotsskóla skulu foreldrar greiða kr. 3.461 til kr. 13.413 eftir fjölda daga/stunda vegna vistunar barns í frístundaheimili skólans. Ekki er greitt framlag til lækkunar kostnaðar vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds.
- 2.2 SFS mun greiða skólanum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Vegna þessa á kostnaður foreldra vegna vistunar barns að verða sá sami og ef barnið væri í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og lækkar þar með gjaldskrá skólans gagnvart foreldrum, sbr. neðangreint yfirlit. Komi til einhliða hækkunar skólans á vistunargjöldum, mun breytingin ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags SFS. Með sama hætti er greitt herra framlag til skólans ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í frístundastarfi skólans sem nemur 75% vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns, skilyrði er að systkini hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar. Þá er greitt framlag vegna systkina milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar.

	Gjaldskrá Landakotsskóli	Gjaldskrá skóla- og frístundasviðs	Framlag skóla- og frístundasviðs
Vistun 1 dag	3.800	3.461	339
Vistun 2 daga	6.700	5.956	744
Vistun 3 daga	9.600	8.442	1.158
Vistun 4 daga	12.500	10.937	1.563
Vistun 5 daga	15.400	13.413	1.987

- 2.3 Framlag SFS samkvæmt samningi þessum, tekur mið af gjaldskrárbreytingum frístundaheimila SFS í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Aðilar eru sammála um að SFS hafi heimild til að lækka framlag sitt samkvæmt samningi þessum komi til breytinga á gjaldskrá frístundaheimila grunnskóla Reykjavíkurborgar.
- 2.4 Uppgjör samkvæmt samningi þessum skal fara fram einu sinni á samningstímanum þ.e. í fyrstu viku júnímánaðar.
- 2.5 Uppgjör samkvæmt grein 2.3 fer fram að undangengnum skilum skólans á nauðsynlegum upplýsingum. Skólinn skal senda SFS upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng barna sem nýta - frístundaheimilið, auk upplýsinga

um lengd dvalar þeirra eigi síðar en X. desember 2017 vegna haustannar og 20. maí 2018 vegna vorannar. Ef um er að ræða aukið framlag vegna systkina skal þess getið.

- 2.6 Framlag SFS er greitt til skólans, sbr. greinar 3.2 og 3.3, innan 30 daga frá eindaga reiknings skólans. Ef SFS eða skólinn verða vör við mistök í greiðslu framlags ber að tilkynna um þau án tafar.

3. gr. Skilgreining þjónustu

- 3.1 Með samningi þessum skal skólinn veita eftirfarandi þjónustu að lágmarki:
- Þjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladeigi barna í 1. – 4. bekk lýkur. Leggja skal áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
 - Frístundaheimilið skal vera frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins
- 3.2 Þjónustu við börn sem þurfa sértækan stuðning í frístundastafi skal skipuleggja í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólann og aðra fagaðila er tengjast börnum. Hægt er að sækja um greiðslu vegna stuðnings við börn á frístundaheimilum. Sækja skal um heimild fyrir stuðningi til ráðgjafaproskajálfa hjá skrifstofu frístundamála hjá SFS þar sem einnig má nálgast viðeigandi umsóknarform og frekari upplýsingar.

Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning skal alltaf stuðla að virkri þátttöku barna í frístundastarfinu

4. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna dvalar barna þeirra á frístundaheimili skólans.

5. gr. Innritun barna

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun barna í frístundaheimili skólans sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem öll börn eiga sama rétt til að innritast í frístundaheimilið án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

6. gr.
Eftirlit

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi frístundaheimilisins og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

7. gr.
Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

8. gr.
Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

9. gr.
Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

10. gr.
Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

- 10.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði. Dráttarvextir reiknast af höfuðstól endurgreiðslukröfunnar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 10.2 Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

11. gr.
Gildistími

- 11.1 Samningur þessi gildir fyrir tímabilið [dags.]. ágúst 2017 til [dags.] júní 2018 þ.e frá skólabyrjun í ágúst 2017, fram að skólaslitum hinn í júní 2018.

11.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja upp samningnum fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

12. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, _____

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. Landakotsskóla

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:



Reykjavík, 6. október 2017
SFS2017100036
126. fundur
HG/sp

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ganga til samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga vegna reksturs frístundaheimila skólaárið 2017 – 2018 og þeir byggja á sama grunni og samningur sem gerður var vegna vorannar skólaársins 2016 – 2017. Samningar við skólana verði lagðir fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð þegar drög að þeim liggja fyrir.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 1. nóvember 2007 að niðurgreiða vistun 6-8 ára barna á frístundaheimilum einkarekinna grunnskóla í borginni með sambærilegum hætti og gert væri í frístundaheimilum íþrótta- og tómstundaráðs í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Miðað hefur verið við að skóla- og frístundasvið greiði skólunum fjárhæð sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og kostnaði foreldra vegna dvalar barns þeirra í frístundaheimilinu. Verði einhliða hækkun skóla á gjöldum vegna frístundaheimilisins mun sú breyting ekki hafa áhrif á fjárhæð framlags skóla- og frístundasviðs. Með vísan til þessa er fyrirkomulagið með þeim hætti að ef sjálfstætt rekinn skóli innheimtir t.d. kr. 20.000 á mánuði vegna þriggja tíma frístundar fimm daga vikunnar en gjald vegna frístundaheimilis Reykjavíkurborgar er t.d. kr. 15.000 á mánuði þá eru greiddar kr. 5000 til sjálfsætt rekins grunnskóla vegna dvalar barnsins á frístundaheimilinu. Gjaldskrá einhverra sjálfstætt rekinna grunnskóla er byggð á því að foreldrar geta keypt vistun á frístundaheimili á ákveðnum fjölda klukkustunda á viku og er þá klukkustundafjöldinn hlutfallaður við gjaldskrá frístundaheimila skóla- og frístundasviðs.

Á 118. fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. maí 2017 samþykkti skóla- og frístundaráð og vísaði til borgarráðs að gerðir yrðu samningar við þrjá sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík vegna

vorannar skólaársins 2016 - 2017. Borgarráð samþykkti erindið þann 18. maí 2017. Á grundvelli framangreindra samþykktu voru gerðir samningar um framlag vegna reksturs frístundaheimila við tilgreinda þrjá sjálfstætt rekna grunnskóla á sama grunni og samþykkt hafði verið þann 1. nóvember 2007.

Í gr. 33. a með lögum nr. 76/2016 um breytingu á lögum nr. 91/2008 um grunnskóla er kveðið á um að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila auk þess sem fram kemur að ráðuneytið gefi út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Jafnframt kemur fram að heimilt er að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega.

Ekki er gert ráð fyrir því með breyttum lögum að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla verði hækkuð vegna umræddrar breytingar um að öllum börnum í yngri árgöngum skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er sveitarfélögum ekki skylt að greiða sjálfstætt reknum grunnskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við annað framlag en það sem nefnt er í 43. gr. a. laga nr. 91/2008 laga um grunnskóla með síðari breytingum, þ.e. að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Í samræmi við það sem fram kom í greinargerð sviðsstjóra, dags. 8. desember 2016, til skóla- og frístundaráðs leitaði skóla- og frístundasvið til Sambands íslenskra sveitarfélaga um mat þess á áhrifum framangreindra lagabreytinga á skuldbindingar sveitarfélaga gagnvart rekstri frístundaheimila fyrir yngri árganga. Í meðfylgjandi svari Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. ágúst 2017, kemur m.a. fram að það sé samkomulagsatriði milli borgarinnar og rekstraraðila hvort endurgjaldið verði áfram með sama hætti og verði ekki séð að lagabreytingin frá 2016 kalli nauðsynlega á breytingu á þessu fyrirkomulagi.

Lagt er til að samningstíminn taki eingöngu til skólaársins 2017 til 2018, þar sem ekki liggja fyrir viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks sem mennta- og menningarmálaráðuneytið mun gefa út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til samræmis við 4. mgr. 33. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum. Auk þess sem ekki hefur farið fram formleg úttekt á starfsemi frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Með vísan til framangreinds leggur sviðsstjóri til við skóla- og frístundaráð að honum verði falið að ganga til samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga vegna reksturs frístundaheimila skólaárið 2017 – 2018 og að samningarnir byggji á sama grunni og samningur sem gerður var vegna vorannar skólaársins 2016 – 2017.

Tillagan miðast við að gjöld sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna frístundar séu sambærileg og á síðasta skólaári.

Samningum við sjálfstætt rekna grunnskóla um framlag vegna frístundaheimila þeirra verður vísað til afgreiðslu borgarráðs að fengnu samþykki skóla- og frístundaráðs.



Reykjavík, 4. janúar 2018

SFS2017100036

131. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila

I Meðferð málsins í skóla- og frístundaráði

Á 126. fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2017, auk þess lögð fram drög að þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila, bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. ágúst 2017 um áhrif breytinga á grunnskólalögum nr. 76/2016 á kostnað sveitarfélaga, bréf Landakotsskóla, dags. 2. október 2017, um framlag vegna reksturs frístundastarfs við grunnskóla og bréf Hjallastefnunnar ehf., dags. 5. september 2017, um framlag vegna reksturs frístundastarfs við grunnskóla:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að ganga til samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík með yngri árganga vegna reksturs frístundaheimila skólaárið 2017 – 2018 og þeir byggji á sama grunni og samningur sem gerður var vegna vorannar skólaársins 2016 – 2017. Samningar við skólana verði lagðir fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð þegar drög að þeim liggja fyrir.

Greinargerð fylgdi. Afgreiðsla var frestað en á 128. fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. nóvember 2017 var málsmeðferðartillagan samþykkt og voru þá lagðar fram eftirfarandi bókanir:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla og frístundasvið óskaði eftir áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga á því hvort breytingar á grunnskólalögum og nýtt ákvæði um frístundastarf kalli á breytingar á fjárveitingum sveitarfélaga til sjálfstætt rekinna skóla sem reka frístundaþjónustu. Niðurstaða Sambandsins er sú að lagabreytingin kalli ekki á endurskoðun á því fyrirkomulagi sem verið hefur milli borgarinnar og sjálfstætt starfandi skóla hvað varðar greiðslur fyrir frístundaþjónustu. Mikilvægt í þessu sambandi er að leggja mat á gæði þjónustunnar og hvort sú þjónustuna sem sjálfstætt starfandi skólar bjóða standist samanburð við frístundastarf sem borgin rekur. Eðlilegt er að Sambandið hafi forgöngu fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu um viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið til að fá úr því skorið hvort ríkið sé tilbúið til að fylgja eftir

nýju lagaákvæði með auknum framlögum til sveitarfélaganna til að fjármagna frístundapjónustuna, hvort sem hún er rekin á vegum þeirra eða sjálfstætt starfandi skóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja eðlilegt að framlög Reykjavíkurborgar til frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna skóla endurspegli þann kostnað sem í þessari starfsemi felst enda er dvöl reykvískra barna á frístundaheimilum eðlilegt framhald af skóladvöl þeirra og þannig hluti af grunnþjónustu skóla við þá nemendur. Ljóst er að þær upphæðir sem miðað er við í fyrirbyggjandi samningsdrögum duga ekki til að standa straum af kostnaði sjálfstætt rekinna skóla við frístundastarfsemi þeirra með sambærilegum hætti og gert er í tengslum við rekstur borgarrekinnna skóla og er það óviðunandi að mati fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

II Meðferð málsins hjá skóla- og frístundasviði

Í kjölfar fundar skóla- og frístundaráðs þann 8. nóvember 2017 var sjálfstætt reknum grunnskólum með samning við skóla- og frístundasvið sent bréf þar sem þeim var boðið að óska eftir að gerður verði við þá samningur um framlag vegna reksturs frístundaheimilis vegna tímabilsins 22. ágúst 2017 til loka skólaársins 2017-2018 á grundvelli draga að samningi sem fylgdi bréfinu. Jafnframt var óskað upplýsinga um rekstur frístundaheimila skólanna að því gefnu að óskað yrði eftir því að gerður yrði samningur um framlag.

III Sjónarmið Samtaka sjálfstæðra skóla, Samtaka verslunar og þjónustu og sjálfstætt rekinna grunnskóla

Með bréfi, dags. 23. nóvember 2017, kemur Barnaskóli Hjallastefnunnar á framfæri sjónarmiðum sínum og áttu fulltrúar skóla- og frístundasviðs og fulltrúar Barnaskólans fund þann 5. desember 2017, að beiðni Hjallastefnunnar.

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2017, óska SVÞ og SSSk eftir fresti til að bregðast við erindi skóla- og frístundasviðs til 18. desember 2018 og var fallist á að veita umbeðinn frest.

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2017, lýsir Waldorfskólinn Sólstafir því yfir að vilji sé til að gera þjónustusamning vegna reksturs frístundar á sömu forsendum og fram koma í samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 8. nóvember 2017. Að teknu tilliti til framkominna athugasemda SVÞ og SSSK hefur Waldorfskólinn Sólstafir óskað eftir að frestað verði gerð samnings.

Með bréfi, dags. 18. desember 2017, koma SSSk og SVÞ á framfæri sjónarmiðum sjálfstætt rekinna grunnskóla. Fram kemur í framangreindu bréfi, dags. 18. desember 2018, að það sé mat samtakanna að fyrirbyggjandi drög að samningi endurspegli ekki þann kostnað sem á skólana fellur og að breytingar á grunnskólalögum feli í sér skyldu sveitarfélaganna til að bjóða upp á frístundastarfsemi. Í ljósi þessa leggjast samtökin gegn fyrirbyggjandi drögum að undanskyldum þeim ákvæðum samningsins sem fram koma í upphafsákvæði hans um skilyrði og telja samtökin mikilvægt að vinna í samvinnu rekstraraðila og borgarinnar ný drög að samningi. Í kjölfarið eru rakin sjónarmið samtakanna og er vísað til bréfs, dags. 18. desember 2017, hvað það varðar.

III Framlag annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna reksturs frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla

Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og Garðabæ hafa ekki verið gerðir nýir samningar við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna reksturs frístundar þeirra á þeim forsendum sem fram koma í bréfi SSSK og SVÞ.

.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavíkurborg - Skóla- og frístundasvið
b.t. Helga Grímssonar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 23. ágúst 2017

1701062SA GB
Málalykill: 04.27

Efni: Áhrif breytinga á grunnskólalögum nr. 76/2016 á kostnað sveitarfélaga

Vísað er til bréfs skóla- og frístundasviðs til sambandsins, dags. 17. janúar 2017, þar sem þess er óskað að Samband íslenskra sveitarfélaga fari yfir möguleg áhrif breytinga á lögum um grunnskóla á sveitarfélög hvað varðar ákvæði um rekstur frístundaheimila.

Almennt um lagabreytinguna

Umrædd lagabreyting er ágætlega rakin í bréfi borgarinnar en í stuttu máli bættist við lögin ákvæði um að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila, sbr. 33. gr. a.

Í 33. gr. laganna, fyrir lagabreytingu árið 2016, var sagt: *Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.* Var því ekki um að ræða skyldu sveitarfélaga til þess að bjóða upp á lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Sambandið er sammála þeirri ályktun sem fram kemur í bréfi borgarinnar, að lögin geri ráð fyrir því að ákvæði 33. gr. a. taki bæði til grunnskólabarna í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og einkaaðilum. Lögin eftirláta sveitarfélögum að skipuleggja starfsemi frístundaheimila og rekstrarform þeirra og það er því á forræði sveitarfélaga að ákveða hvort samið er við einkarekna grunnskóla um rekstur frístundaþjónustu eða þjónustan er veitt á annan hátt sem sveitarstjórn ákveður.

Af framangreindu leiðir að lögin leiða ekki til þess að einkareknir grunnskólar þurfi óhjákvæmilega að reka frístundaþjónustu sem hluta af sinni starfsemi. Getur af þeirri ástæðu ekki heldur verið um það að ræða að sjálfstætt reknir grunnskólar öðlist sjálfkrafa kröfu á hendur sveitarfélagi þar sem hann starfar um aukin framlög til þess að veita frístundaþjónustu heldur getur krafa um framlag aðeins stofnast ef fyrir liggur samningur milli sveitarfélags og sjálfstætt rekens grunnskóla um slíka þjónustu.

Möguleg kostnaðaraukning fyrir sveitarfélög

Í bréfi borgarinnar er vísað til umfjöllunar í skýringum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 76/2016 um möguleg kostnaðaráhrif frumvarpsins gagnvart sveitarfélögum. Þar segir:

Frumvarpið getur í einhverjum tilvikum leitt til breytinga á kostnaði fyrir sveitarfélög sem ekki bjóða upp á frístundastarf fyrir yngri árganga grunnskóla. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru

það fá og jafnframt fremur fámenn sveitarfélög sem bjóða ekki upp á frístundastarf og því er talið að kostnaður sé óverulegur.

Til grundvallar framangreindum ummælum í skýringum með frumvarpinu lágu samskipti milli ráðuneytisins og sambandsins þar sem horft var til könnunar sem sambandið hafði gert meðal sveitarfélaga. Í þeirri könnun var aðeins kallað eftir upplýsingum um hvaða sveitarfélög rækju frístundaheimili en ekki var kannað hvort einhver munur væri á þjónustu sveitarfélaga við nemendur í grunnskólum sem sveitarfélögin reka sjálf og öðrum grunnskólum. Fyrir liggur því að ekki var horft til þess við gerð kostnaðarmats um frumvarpið hvort kostnaður við frístundaþjónustu fyrir síðarnefnda hópinn kynni mögulega að aukast.

Að áliti sambandsins verður að líta svo á að hið lögbundna framlag sveitarfélaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla, sbr. 43. gr. a. í lögunum, standi undir kostnaði við rekstur grunnskóla. Ákveði sveitarfélag að semja við rekstraraðila slíkra grunnskóla um rekstur frístundaheimilis verður að áliti sambandsins einnig að semja um sanngjarnt endurgjald fyrir þá þjónustu. Ekki verður séð að lögin hafi að geyma nein viðmið um greiðslur fyrir slíka þjónustu.

Í bréfi borgarinnar er tekið fram að skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna frístundaheimila á þeirra vegum þannig að greitt er sem nemur mismun á gjaldskrá skólans og gjaldskrá vegna frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Að áliti sambandsins er það samkomulagsatriði milli borgarinnar og viðkomandi rekstraraðila hvort endurgjald verði áfram ákveðið með sama hætti og verður ekki séð að lagabreytingin 2016 kalli nauðsynlega á endurskoðun á þessu fyrirkomulagi.

Beðist er velvirðingar á þeim mikla drætti sem orðið hefur á að svara erindinu, sem skýrist fyrst og fremst af miklu annríki á lögfræði- og velferðarsviði á vormánuðum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs